

Stefna vegna óhlutdrægni og trúnaðar hjá Sýni

Sýni ábyrgist að allar upplýsingar sem því berst varðandi málefni viðskiptavina þess séu meðhöndlaðar og varðveittar sem trúnaðarmál og unnið sé með þær upplýsingar af óhlutdrægni.

Starfsfólk, stjórn og eigendur Sýnis sýna óhlutdrægni og halda trúnað við alla sína vinnu gagnvart viðskiptavinum fyrirtækisins og skuldbinda sig til að vinna að heilindum í öllum sínum störfum.

Sýni ber ábyrgð á og leyfir viðskiptalegum, fjárhagslegum eða öðrum ástæðum ekki að koma í veg fyrir trúnað og óhlutdrægni.

Áherslupættir:

- Undirskrifaður trúnaðareiður starfsfólks, stjórnenda og þjónustuaðila sem þurfa aðgengi að aðstöðu fyrirtækisins umfram aðra utanaðkomandi aðila.
 - Í ráðningarsamningi starfsfólks Sýnis er fjallað um trúnað, hlutleysi og óhlutdrægni gagnvart viðskiptavinum.
- Almenn aðgengi að aðstöðu hjá Sýni.
 - Aðgangur að prófunarstofunni er stýrður og þjónustuaðilar og/eða aðrir gestir undirrita trúnaðaryfirlýsingu áður en þeir fá aðgang að prófunarstofu.
- Meðhöndlun og förgun sýna.
 - Tryggt er að óviðkomandi aðilar geti ekki á neinn hátt komist yfir trúnaðarupplýsingar varðandi viðkomandi sýni.
- Meðhöndlun upplýsinga, gagna og niðurstaðna.
 - Gæta fyllsta trúnaðar og óhlutdrægni við meðhöndlun allra upplýsinga og gagna er varða viðskiptavini í hvívetna.
 - Almenn gildir að einungis verkkaupi og þeir aðilar sem hann tilgreinir fá upplýsingar um umfang, eðli og niðurstöður þeirra prófana sem hann óskar eftir. Undantekning er gerð vegna laga- og reglugerða um tilkynningaskyldu.
 - Ef aðrir aðilar en verkkaupi óska eftir niðurstöðum er þeim aðila bent á að hafa samband við verkkaupa og biðja hann að senda til Sýni beiðni um slíkt.